

Viðauki 1 Kröfur um eiginfjárlutfall lánastofnana og svigrúm vegna víkjandi lántöku

Skilgreining á eiginfjárlutfalli og uppruni reglna

Eiginfjárlutfall lánastofnana er skilgreint sem hlutfall eigin fjár á móti áhættuskuldbindingum (áhættugrunni). Í VI. kafla laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og í 10. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum, svo og í reglum nr. 693/2001, er kveðið á um kröfur um eiginfjárlutfall lánastofnana.

Íslenskar reglur um eiginfjárlutfall eru byggðar á samræmdum lágmarkskröfum í EES-rétti og á svo nefndum Basel-viðmiðum frá 1988. Reglurnar sameina kröfur um eigið fé (e. own funds) og eiginfjárlutfall (e. solvency ratio) lánastofnana vegna útlánaáhættu, sbr. tilskipun nr. 2000/12/EC, og eiginfjárlkröfur (e. capital adequacy) til lánastofnana (og fyrirtækja í verðbréfabjónustu) vegna markaðsáhættu þ.e. gjaldeyrisáhættu, stöðuáhættu, mótaðilaáhættu og umframáhættu vegna stórra áhættuskuldbindinga, sbr. tilskipun nr. 93/6/EBE.

Eiginfjárbættir A, B og C

Eigið fé lánastofnana er skilgreint í 54. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 10. gr. laga nr. 123/1993, og flokkað í þætti, þ.e. A, B og C. Reglurnar kveða á um hvað felst í hverjum eiginfjárbætti og hvað skal vera innbyrðis vægi þeirra.

Eiginfjárbáttur A telst vera innborgað hlutfé, varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár, óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins og endurmatsreikningur vegna verðbólguveikningsskila. Frá þessu skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika lánastofnunarinnar til að mæta tapi. Samkvæmt reglugerð nr. 852/2000, sbr. reglugerð nr. 964/2000, er heimilt að telja til eiginfjárbáttar A víkjandi lán án gjalddaga og með takmörkuðum vaxtagreiðslum sem endurgreiða má í fyrsta lagi eftir 10 ár frá útgáfudegi enda heimili Fjármálaeftirlitið endurgreiðsluna. Eiginfjárbáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt. Jafnframt má víkjandi lán í eiginfjárbætti A hæst nema 15% af eiginfjárbætti A.

Eiginfjárbáttur B telst vera víkjandi lán og endurmatsreikningur sem ekki fellur undir eiginfjárbátt A.

Víkjandi lán er til eigi skemmri tíma en fimm ára sem fæst endurgreitt við gjaldþrot á eftir öllum öðrum kröfum á hendur lánastofnuninni en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Eiginfjárbáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárbætti A.

Eiginfjárbáttur C telst vera víkjandi lán til eigi skemmri tíma en tveggja ára sem óheimilt er að greiða af ef eiginfjárlutfall hlutaðeigandi lánastofnunar er lægra en 8%. Eiginfjárbáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárbætti A. Jafnframt má eiginfjárbáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni lánastofnunar vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

Frádráttur

Samkvæmt 55. gr. laga nr. 113/1996 skal draga frá eigin fé bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánnum lánastofnunar hjá öðrum félögum sem stunda fjármálaþjónustu ef (a) eignarhlutur nemur meira en 10% af hlutfé félaganna, eða (b) eignarhlutur er allt að 10% af hlutfé félaganna og jafnframt umfram 10% (þ.e. sú fjárhæð sem er yfir því marki) af eigin fé viðkomandi lánastofnunar. Þá dragast frá eigin fé eignarhlutir og víkjandi lán hjá dótturfélögum sem reka váttryggingastarfsemi eða aðra hlíðarstarfsemi. Frá eigin fé dragast ennfremur eignarhlutir í fyrirtækjum sem ekki stunda bankastarfsemi ef þeir eru umfram 15% (þ.e. sú fjárhæð sem er yfir því marki) af eigin fé hlutaðeigandi stofnunar.

Lágmarkskrafa um eiginfjárlutfall

Í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996 er gerð sú krafa að eigið fé lánastofnunar nemi aldrei lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af svonefndum áhættugrunni. Kveðið er á um útreikning á áhættugrunni í reglum nr. 693/2001.

Útreikningur á áhættugrunni

Í fyrsta lagi nær áhættugrunnurinn til útlánaáhættu (e. credit risk) eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem ekki teljast til veltubókar. Með veltubók (e. trading book) er átt við verðbréf, önnur fjármálaskjöl

og hrávörur sem stofnun hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þeirra. Við útreikning á útlánaáhættu eru einstakir eignaliðir vegnir með viðeigandi áhættuvog eftir áætlaðri greiðslugetu skuldara.

Í öðru lagi tekur áhættugrunnurinn til gjaldreyrisáhættu (e. currency risk) allra eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli, gulli og í íslenskum krónum með gengisviðmiðun óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar. Áhættugrunnur vegna gjaldreyrisáhættu er hrein gjaldreyris- og gullstaða lánastofnunar sem er umfram 2% af eigin fé hennar. Við útreikning á gjaldreyrisstöðu er fyrst reiknuð opin gjaldreyrisstaða í einstökum gjaldmiðlum og því næst hrein gjaldreyrisstaða lánastofnunarinnar.

Í þriðja lagi nær áhættugrunnurinn til stöðuáhættu (e. position risk) sem tengd er skuldaskjöllum, hlutabréfum og hrávörum í veltubók. Stöðuáhætta er tengd stöðu lánastofnunar í tilteknu fjármálaskjali sem er tilkomin vegna hugsanlegra breytinga á verði skjalsins.¹

Í fjórða lagi tekur áhættugrunnurinn til mótaðilaáhættu (e. counterparty risk) sem tengd er viðskiptum með verðbréf og hrávörur í veltubók. Mótaðilaáhætta felst almennt í því að gagnaðili fjármálasamnings uppfylli ekki ákvæði hans. Mótaðilaáhætta getur falist í afhendingaráhættu, uppgjörshættu og útlánaáhættu.

Í fimmta lagi nær áhættugrunnurinn til umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga (e. large exposures).

Endurskoðun reglna um eiginfjárkröfur

Eins og fram kom í Peningamálum 2001/4 stendur nú yfir endurskoðun á alþjóðlegum eiginfjárkröfum lánastofnana á vegum Basel-nefndarinnar og Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Í lok síðasta árs tilkynnti Basel-nefndin að í október 2002 mætti vænta þriðju útgáfu nýrra krafna sem byggðar yrðu á fram komnum athugasemdum við fyrri drög. Stefnir er að því að endurskoðaðar reglur taki gildi árið 2005.

1. Stöðuáhætta greinist annars vegar í almenna stöðuáhættu og hins vegar í sérstaka stöðuáhættu sbr. reglur nr. 693/2001.

Eigið fé nokkurra fjármála fyrirtækja

Í töflunni er sýnt hvernig eigið fé viðskiptabankanna, sex stærstu sparisjóðanna og tveggja fjárfestingarbanka skiptist niður á þá þrjá eiginfjáflokka sem um er rætt hér að ofan (dálkar 2-5) m.v. árslok 2001. Í dálki 6 er sýnt hversu mikill frádrátturinn er frá eigin fé og í dálki 7 er áhættugrunnur þessara fyrirtækja. Í dálki 8 er lögbundið eiginfjárlutfall. Í síðasta dálkinum er svo lagt mat á hversu hátt eiginfjárlutfallið yrði ef fyrirtækin nýttu allt svigrúm til töku víkjandi lána að uppfylltum þeim reglum sem gilda um töku slíkra lána. Athuga verður þó að hér er gert ráð fyrir að hægt sé að taka öll þau víkjandi lán sem þarf en það gæti reynst erfitt að ná í slík lán á ásætlanlegum kjörum.

Allir viðskiptabankarnir að Sparisjóðabanka Íslands hf. undanskildum hafa nýtt sér heimildir til að taka víkjandi lán sem telst til eiginfjárlutar A, Íslandsbanki hf. er farinn að nálgast hámark þess sem leyfilegt er og Búnaðarbanki Íslands hf. er ekki langt undan. Tveir sparisjóðir sem eru í þessari úttekt og hafa tekið víkjandi lán sem teljast til eiginfjárbáttar A eru Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis sem er nálægt leyfilegu hámarki.

Allir viðskiptabankarnir hafa tekið víkjandi lán sem telst til eiginfjárbáttar B og eru þeir flestir nálægt hámarkinu. Einnig hafa allir sparisjóðirnir í úttektinni að Sparisjóði Mýrasýslu undanskildum tekið slík lán en hafa þó ennþá nokkurt svigrúm til slíkrar lántöku.

Landsbanki Íslands hf. er eina fjármálastofnunin sem hefur tekið lán sem telst til eiginfjárbáttar C.

Eins og áður sagði reiknast eign í öðrum fyrirtækjum sem er umfram ákveðinn hlut til frádráttar á eigin fé.² Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis er með stærsta frádráttinn í krónum talið en eign hans í Kaupþingi banka hf. vegur þar þyngst. Landsbanki Íslands er með næststærsta frádráttinn í krónum talið sem skýrist m.a. af eign hans í Vátryggingafélagi Íslands hf. og Líftryggingafélagi Íslands hf. Sala Landsbankans á Lýsingu hf. hafði áhrif í gegnum þennan lið til lækkunar og styrkti sú sala eiginfjárlutfall bankans.

2. Samkvæmt túlkun Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárreglunum á að draga eignarhlut í öðrum fjármálastofnunum frá við útreikning eiginfjárlutfalls, óháð því hvort hann sé í veltubók eða fjárfestingarbók.

Tafla 1 Skipting eiginfjár og svigrúm til aukinnar víkjandi lántöku nokkurra fjármálafyrirtækja, m.v. ársreikning 2001

Ma. kr .	Eiginfjárbátur				Frádráttur á eigin fé	Áhættu grunnur	Eiginfjár hlutfall (%)	Eiginfjárl. ef svigrúm fullnýtt (%)
	Án víkjandi	Víkjandi	B	C				
Búnaðarbanki Íslands hf.	12.911	1.115	4.159	0	458	168.110	10,5	14
Íslandsbanki hf.	19.840	3.500	9.286	0	869	259.966	12,2	13,4
Landsbanki Íslands hf.	15.183	872	7.254	401	1.496	213.891	10,4	12,1
Sparisjóðabanki Íslands hf.	2.141	0	1.041	0	590	22.473	11,5	15,2
<i>Samtals viðskiptabankar</i>	50.076	5.487	21.740	401	3.413	664.439	11,2	13,2
SPRON	3.192	548	1.225	0	2.477	22.215	11,2	14,7
Sparisjóður Hafnarfjarðar	2.514	0	751	0	229	25.985	11,7	16,9
Sparisjóður Vélstjóra	2.944	0	501	0	880	13.402	19,1	32,2
Sparisjóðurinn í Keflavík	1.742	243	336	0	728	14.033	11,3	16,7
Sparisjóður Kópavogs	672	0	174	0	76	7.721	10	14,8
Sparisjóður Mýrasýslu	978	0	243	0	395	6.308	13,1	21,1
<i>Samtals sex stærstu sparisjóðir</i>	12.042	791	3.228	0	4.784	89.663	12,6	18,7
Kaupþing banki hf.	8.830	0	2.783	0	675	94.840	11,5	17,5
Frjálsi fjárfestingarb. hf.	2.237	0	0	0	0	10.249	21,8	38,6
<i>Samtals fjárfestingarbankar</i>	11.067	0	2.783	0	675	105.089	12,5	19,6
<i>Samtals</i>	73.185	6.278	27.751	401	8.873	859.192	11,5	14,6

Heimild: Fjármálaeftirlitið og ársreikningar viðkomandi fyrirtækja.

Íslandsbanki hf. hefur hlutfallslega minnsta svigrúmið til að auka við eigið fé með útgáfu nýrra víkjandi skuldabréfa og verður því að reiða sig á aukinn hagnað eða útgáfu nýs hlutfjár til að auka við lögbundið eigið fé. Aðrir viðskiptabankar hafa enn nokkurt svigrúm þó að hlutfallslega sé svigrúmið aðeins farið að minnka hjá Landsbanka Íslands hf. Sex stærstu sparisjóðirnir, Kaupþing banki hf. og Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. hafa ennþá töluvert svigrúm til aukinnar víkjandi lántöku.

Ef öll þessi fjármálafyrirtæki nýttu svigrúmið til aukinnar víkjandi lántöku myndi hið lögbundna eiginfjárhlutfall geta hækkað úr 11,5% í 14,6%.

Það er þó ekki æskilegt að eiginfjárhlutfallinu sé í of miklum mæli haldið uppi með víkjandi lánun. Fjármálaeftirlitið hefur t.d. lagt áherslu á að æskilegt sé að eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja án víkjandi lána sé ekki undir 8% en í dag eru nokkur fjármálafyrirtæki nálægt eða undir því viðmiði. Til að fjármálafyrirtæki verði betur búin undir að mæta ytri áföllum er því skynsamlegt m.t.t. öryggis að styrkja eiginfjárhlutfallið frekar, með hagnaði, útgáfu nýrra hluta eða með því að draga úr stækkun efnahagsreikningsins.